

Fjárlaganefnd
Stjórnarráðshúsinu, við Lækjargötu
101 Reykjavík
B.t. Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, formaður fjárlaganefndar

Dags. 13. september 2023

Efni: Beiðni um endurgreiðslu, niðurfellingu eða styrk, er samsvarar upphæð virðisaukaskatts af byggingu Björgunarmiðstöðvar á Hornafirði.

Vísað er til heimsóknar forsætisráðherra til Hafnar í Hornafirði dagana 5. Maí 2023. Sérstaklega er vísað til fundar Katrínar Jakobsdóttur, forsætisráðherra, með fulltrúum húsnaðisnefndar um byggingu Björgunarmiðstöðvar fyrir Björgunarfélag Hornafjarðar og Slysavarnardeild Framtíðarinnar. Á þeim fundi kynntu fulltrúar húsnaðisnefndar framkvæmdina fyrir ráðherra. Kom þar m.a. fram að björgunarfélagið og slysavarnardeildin hafi ekki kost á endurgreiðslu vsk. af framkvæmdinni. Á fundinum óskaði forsætisráðherra eftir bréfi þar sem fram kæmi ósk um niðurfellingu eða endurgreiðslu virðisaukaskatts, eða ósk um styrk úr ríkissjóði sem samsvarar upphæð virðisaukaskatts af framkvæmdinni.

Löngu er orðið tímabært fyrir björgunaraðila Hornafjarðar að fá rýmri og nútímalegri aðstöðu fyrir starfsemi sína á Hornafirði. Mikil fjölgun hefur orðið á fjölda ferðamanna á svæðinu og heilmikil aukning á útköllum og álagi björgunaraðila samfara því. Fjöldi ferðamanna sem fór um Vatnajökulsþjóðgarð árið 2018 (fyrir Covid 19) var um 960.000 talsins, en árið 2020 var sjá fjöldi um 844.000. Samkvæmt upplýsingum frá aðilum ferðamannaíðnaðarins er ferðamannafjöldi á þessu ári að nálgast þann fjölda sem var fyrir Covid 19. Sem dæmi komu í apríl síðastliðinn um 66.000 gestir á Jökulsárlón, sem er langfjölmennasti aprílmánuður frá upphafi. Ferðamálastofa gerir ráð fyrir að um 40% þeirra sem sækja Ísland heim komi við í þjóðgarðinum og í Jökulsárlónið, en starfsfólk þjóðgarðsins á svæðinu telja þó að þetta hlutfall sé mun hærra. Fjölgun ferðamanna á hálendi Austurlands, t.d. í Múlagljúfur og Lónsöræfi, fer hratt fjölgandi. Þar er mjög erfitt aðgengi, svæðið er stórt og erfitt yfirferðar. Það hefur því ítrekað reynt á björgunaraðila að veita ferðamönnum aðstoð á þessu svæði.

Þjónustusvæði björgunaraðila á Hornafirði er gríðarlega umfangsmikið, þar sem nánast allur Vatnajökull er inni á því svæði og sjólinan nær að miðlínu milli Íslands og Færeyja. Í meðfylgjandi skjali er að finna myndir af björgunarsvæðinu sem um ræðir.

Í ljósi þess sem að ofan greinir hefur verið ákveðið að stækka við húsnaði björgunaraðila á Hornafirði með því að reisa myndarlega björgunarmiðstöð á Höfn. Að byggingunni standa Björgunarfélag Hornafjarðar og Slysavarnardeild Framtíðarinnar. Um er að ræða nýframkvæmd sem á að hýsa viðbragaðsaðila, stjórnstöð almannavarna og Rauða krossinn, en Rauði krossinn hefur verið á hrakhólum í mörg ár vegna aðstöðuleysis. Búið er að tryggja rekstrartekjur hússins með föstum leigutekjum. Jafnframt hefur hluti fjárfestingarinnar verið tryggður. Leitað hefur verið til fyrirtækja og einstaklinga í sveitarfélaginu og hafa viðbrögð ekki staðið á sér. Útgerðarfélagið Skinney-Þinganes gaf t.a.m. björgunaraðilum 200 m.kr. til þess að standa straum af hluta fjárfestingarinnar. Varð sá rausnarlegi styrkur útgerðarfélagsins einn og sér til þess farið var í kerfisbundið áttak um fjármögnun framkvæmdarinnar með því að leita til fyrirtækja og einstaklinga á Hornafirði eftir styrkjum.

Áætlaður heildarkostnaður við byggingu björgunarmiðstöðvar er um 448.000.000 kr. og hafa nú þegar safnast um 223.000.000 kr. Vonir eru bundnar við að fleiri fyrirtæki og sérstaklega þau er starfa í ferðaiðnaði og sjávarútvegi sjái sér fært að styrkja við framkvæmdina með fjárframlögum. Mörg þeirra fyrirtækja reiða sig á starfsemi björgunaraðila og þá gríðarlega mikilvægu þjónustu sem björgunaraðilar veita endurgjaldslaust. Náist ekki að fjármagna það sem eftir stendur af áætluðum heildarkostnaði við framkvæmdina, munu björgunaraðilar þurfa að leita til lánastofnana eftir lánsfé og standa straum af afborgunum og fjármagnskostnaði í gegnum rekstur félagana, með tilheyrandi afleiðingum á rekstrarafkomu til lengri tíma. Öll fjárhagsleg aðstoð er því af hinu góða og afskaplega mikilvæg fyrir verkefnið.

Áætlaður framkvæmdatími byggingar Björgunarmiðstöðvar er tvö ár. Fyrsta skóflustungan fór fram 3. júní sl., sumarið 2023 verður ráðist í jarðvegsskipti og í janúar 2024 er áætlað að húsið fari í framleiðslu hjá Límtré. Ráðgert er að hefjast handa við að reisa húsið í maí á næsta ári og eru áætluð verklok í maí 2025.

Með bréfi þessu og vísan til fundar forsætisráðherra með húsnæðisnefndinni er þess farið á leit við fjárlaganefnd að hún beiti sér fyrir því forsvaraðilar framkvæmdarinnar fái niðurfellingu eða endurgreiðslu virðisaukaskatts, eða styrk sem samsvarar virðisaukaskatti af framkvæmdinni. Það skiptir alla þá aðila sem að framkvæmdinni standa gríðarlega miklu máli að fá fjárstuðning sem þessu nemur og mundi greiða fyrir frekari fjármögnun og að áætlanir um framkvæmdina gangi eftir. Jafnframt vill húsnæðisnefndin koma fram sérstöku þakklæti til forsætisráðherra fyrir hug hennar til verkefnisins og afskaplega jákvæð viðbrögð við beiðni þessari, eins og svo skýrt kom fram í máli hennar á umræddum fundi.

Virðingarfyllt,

Finnur Smári Torfason, Formaður Björgunarfélags Hornafjarðar
Fjóla Jóhannsdóttir, Formaður Slysavarnaeildarinnar Framtíðarinnar

Afrit: Njáll Trausti Friðbertsson, 1. varaformaður fjárlaganefndar